

# Svipmyndir frá Sauðanesi

Í dag, sunnudaginn 4. desember, kl. 13.00, opnar Björn Valdimarsson ljósmyndasýninguna „Svipmyndir frá Sauðanesi“ á Kaffi Klöru í Ólafsfirði og mun sýningin standa fram yfir áramót.

Þau hjón Jón Trausti Traustason og Herdís Erlendsdóttir búa á Sauðanesi við Siglufjörð ásamt börnum sínum og öðru heimilisfólki. Jón Trausti hefur tekið veðrið fyrir Veðurstofuna og annast vitavörslu í rúman aldarfjórðung, en áður sinnti faðir hans þessum störfum. Faðir Herdísar var vitavörður á Siglunesi og síðar Dalatanga, en þar ræður Marzibil systir hennar ríkjum nú. Auk þessara starfa eru þau með hefðbundinn fjárbúskap, hestaleigu og fleira heima fyrir og á árum áður starfaði Jón Trausti einnig sem lögreglumaður á Siglufirði.

Myndirnar á sýningunni eru teknar á tímabilinu maí til nóvember og eru þær fyrri hluti af myndaröð um lífið á Sauðanesi. Stefnan er svo að ljúka við seríuna um mitt næsta ár. Fleiri myndir úr henni verða sýndar á nemendasýningu í MTR þann 10. desember, en þetta verkefni er hluti af ljósmyndanámi Björns við skólann.

Sýningarnar tvær eru í raun náskyldar og myndirnar voru fyrst paraðar saman og svo skipt upp. Það er mynd af Jóni Trausta taka veðrið á annarri sýningunni og senda veðurskeytin á hinni. Herdís að gefa á garðann á annari sýningunni og síðan að taka upp lamb skömmu síðar á hinni o.s.frv.

Opið verður síðan á opnunartíma Kaffi Klöru.

Mynd og texti: Aðsent.